

Ed.

615. Frumvarp til laga

[254. mál]

um Orkusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

1. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins sem ber ábyrgð á skuldbindingum hans. Stjórn sjóðsins lýtur yfirstjórn þess ráðherra er fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla, með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir og rannsóknir á sviði orkumála, að hagkvæmum orkubúskap og hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins.

3. gr.

Stjórn Orkusjóðs skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Ráðherra orkumála skipar stjórn sjóðsins og skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna. Stjórn sjóðsins skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Orkumálastjóri skal vera framkvæmdastjóri Orkusjóðs.

Stjórn Orkusjóðs semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Stjórn Orkusjóðs gerir tillögur um lán og styrkveitingar úr sjóðnum og leitar staðfestingar ráðherra.

Þegar tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði vegna jarðhitaleitarlána skal stjórn Orkusjóðs leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs, vexti og önnur útlánskjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru samkvæmt b-lið 5. gr. skulu vera verðtryggð og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en 10 ár.

4. gr.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs er:

- a. Vextir og afborganir af lánum sem sjóðurinn veitir.
- b. Fé það sem veitt er á fjárlögum hverju sinni.
- c. Lán sem sjóðurinn tekur til starfsemi sinnar, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, lánsfjárlögum eða sérstökum lögum.
- d. Endurgreiðslur styrkja úr Orkusjóði skv. 8. gr.

5. gr.

Heimilt er að veita lán úr Orkusjóði sem hér segir:

- a. Til framkvæmda við hitaveitur og rafveitur.
- b. Til opinberra aðila, félaga og einstaklinga til að leita og afla jarðvarma með jarðfræðilegum yfirborðsrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana.
- c. Til einkarafstöðva utan samveitusvæða og hagnýtingar jarðhita utan hitaveitusvæða.
- d. Til orkusparandi aðgerða.

6. gr.

Heimilt er að veita af fjárveitingum sem sjóðurinn hlýtur í því skyni styrk til framkvæmda á sviði orkumála sem nauðsyn þykir til bera að ráðast í af félagslegum ástæðum, en áætlanir sýna að ekki geta borið sig fjárhagslega án sérstakra óafturkræfra framlaga. Styrkinn skal veita sem stofnframlag og má það nema allt að þeirri fjárhæð sem stofnkostnaður fer fram úr því sem framkvæmdin getur staðið undir.

7. gr.

Úr Orkusjóði má veita styrk til rannsóknaverkefna í tengslum við framkvæmdir þær sem taldar eru í 5. og 6. gr.

8. gr.

Ef ráðist er í framkvæmdir, sem taldar eru í 5. gr. og undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlunum sem styrktar hafa verið með fé úr Orkusjóði skv. 7. gr., skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hagnýting hefst.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu stjórnar Orkusjóðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka vegna jarðhitaleitarlána skv. b-lið 5. gr. ef tiltekin borun reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en búist hafði verið við, kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir.

9. gr.

Orkusjóður skal vera í vörslu Seðlabanka Íslands sem hefur á hendi afgreiðslu, innheimtu, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð vegna sjóðsins.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Ráðherra getur að beiðni Orkusjóðs falið Orkustofnun að hafa eftirlit með þeim framkvæmdum sem sjóðurinn veitir fé til. Er þá skylt að láta stofnuninni fyrirfram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvítvetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins er hún telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið.

11. gr.

Orkusjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, þar með talin stimpilgjöld af eigin lántökum.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi X. kafli orkulaga nr. 58/1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytisins er flutt samhliða frumvarpi til nýrra orkulaga. Sú breyting er gerð á núverandi skipan að flutt eru sérstök lagafrumvörp um fyrirtæki, sjóði og stofnanir á sviði orkumála en í orkulögum eru hinsvegar almenn ákvæði um yfirstjórn og almenna skipan orkumála.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að Orkusjóður, sem er eign ríkisins, lúti yfirstjórn þess ráðherra sem fer með orkumál. Hlutverk sjóðsins samkvæmt frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmum orkubúskap og hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með fjárhagslegum stuðningi við orkuframkvæmdir og rannsóknir. Lagt er til að Orkusjóður geti stutt félagslegar framkvæmdir á sviði orkumála. Lagt er til að Orkusjóður lúti stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Orkumálastjóri annast daglega framkvæmdastjórn en Seðlabanki Íslands vörslu sjóðsins, afgreiðslu, innheimtu, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð. Þetta er sama skipan og tíðkast hefur. Gert er ráð fyrir að rannsóknar- og undirbúningskostnaður sem Orkusjóður hefur borið verði endurgreiddur sjóðnum ef ráðist er í framkvæmdir orkumannvirkja sem hann hefur þannig kostað undirbúning á. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið Orkustofnun eftirlit með framkvæmdum og rannsóknum sem sjóðurinn veitir fé til.

Samkvæmt gildandi lögum takmarkast hlutverk sjóðsins við að (1) styrkja rafveitur í strjálbýli, (2) veita lán til einkarafstöðva utan samveitusvæða, (3) veita lán til hitaveituframkvæmda og (4) veita lán til jarðhitaleitar. Samkvæmt frumvarpinu eru styrkir úr sjóðnum ekki lengur takmarkaðir við strjálbýli og ekki við rafveitur einar, heldur ná þeir einnig til hitaveitna. Það er líka nýmæli að sjóðurinn geti styrkt orkurannsóknir. Þá er það einnig nýmæli að Orkusjóður geti lánað til orkusparandi aðgerða.

Helstu nýmæli frumvarpsins að öðru leyti eru að lagt er til að sjóðurinn lúti þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar, í stað þingkjörins Orkuráðs. Með þessari breytingu er stefnt að skýrari og eðlilegri verkaskiptingu löggjafar- og framkvæmdavalds að því er tekur til viðfangsefna Orkusjóðs. Auk þess þykir eðlilegt að Orkustofnun og Orkusjóður séu sjálfstæðir aðilar sem lúti hvor sinni stjórn.

Að frumvarpi þessu eru felldar þær breytingar á ákvæðum orkulaga um Orkusjóð sem fram komu í frumvarpi til laga um breytingu á orkulögum sem lagt var fyrir Alþingi í desember 1982. Þær breytingar varða lán til jarðhitaleitar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði skýrt á um að ráðherra sá sem fer með orkumál hafi með höndum yfirstjórn Orkusjóðs.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að hlutverk Orkusjóðs verði óbreytt að öðru leyti en því að heimilt verði að veita fjárhagslegan stuðning við rannsóknir á sviði orkumála auk framkvæmda eins og nú er.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að sjóðurinn lúti stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar í stað þingkjörins orkuráðs sem lagt verður niður.

Að öðru leyti er lagt til að óbreytt tilhögun gildi um yfirstjórn Orkusjóðs.

Lagt er til að áður en stjórn Orkusjóðs gerir tillögur um lánveitingu til jarðhitaleitar skuli leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri svo og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarmans. Gert er ráð fyrir að fyrst og fremst verði leitað til Orkustofnunar, en fleiri aðilar búa yfir þekkingu á þessu sviði og eru færir um að veita nauðsynlega ráðgjöf.

Þá er lagt til að tekin verði upp ákvæði um að lán til jarðhitaleitar skuli vera verðtryggð en það mun jafna mjög greiðslubyrði lánanna á lengri tíma. Nú bera lánin hæstu lögleyfðu fasteignalánsvexti og greiðslubyrði vaxta fyrstu árin hefur því verið mjög þung. Gert er ráð fyrir að lánstími geti verið allt að 10 árum en hann hefur samkvæmt núgildandi lögum verið 5

ár. Með hliðsjón af endingartíma borhola er óvarlegt að gera ráð fyrir lengri lánstíma en 10 árum.

Um 4. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt ákvæðinu er sambærilegt því sem nú er. Felldur er niður, sem sérstakur tekjustofn, rekstrarhagnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Jarðborana ríkisins.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að breytt verði heimild um að veita lán úr Orkusjóði þannig að aukin áhersla er lögð á lán til jarðhitaleitar og hitaveitna. Þá er það nýmæli að lagt er til að tekin verði upp heimild til að lána fé úr Orkusjóði til rannsókna til undirbúnings borana og rannsókna á vinnslueiginleikum auk borunarinnar sjálfrar. Er þess að vænta að fjárskortur muni þá síður hindra að ráðist verði í rannsóknir sem nauðsynlegar eru áður en til borunar eða virkjunar jarðvarma kemur. Jafnframt er það nýmæli að heimilt verður að veita lán til hagnýtingar jarðhita utan hitaveitusvæða.

Að lokum er lagt til að tekinn verði upp nýr lánaflokkur til orkusparandi aðgerða.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekinn verði upp almennt ákvæði um styrkveitingar úr Orkusjóði til framkvæmda á sviði orkumála sem nauðsynlegt þykir að ráðist sé í af félagslegum ástæðum, en áætlanir sýna að ekki geta borið sig fjárhagslega án sérstakra óafturkræfra framlaga.

Hér er um almennt heimildarákvæði að ræða. Ekki þykir rétt að afmarka heimildarákvæði þetta frekar, enda eru þær félagslegu ástæður sem upp kunna að koma breytilegar.

Innan ákvæðis þessa rúmast gildandi heimildir til sveitarafvæðingar og styrkingar dreifikerfa í sveitum.

Um 7. gr.

Í samræmi við breytt hlutverk sjóðsins um að fjárhagslegur stuðningur Orkusjóðs skuli ná til rannsókna á sviði orkumála, auk framkvæmda eins og verið hefur, er lagt til að tekin verði upp almenn heimild til styrkveitinga úr Orkusjóði til rannsóknaverkefna í tengslum við framkvæmdir sem lán er veitt til úr sjóðnum eða styrktar eru af fé sjóðsins.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lagaákvæðum um Orkusjóð að öðru leyti en því að lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka vegna jarðhitaleitarlána, ef lítill eða enginn árangur næst við leitina og sérstakar ástæður mæla með því að mati stjórnar Orkusjóðs.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. gr.

Greinin felur ekki í sér efnisbreytingar frá gildandi lagaákvæðum um sama efni.

Um 11. gr.

Greinin felur ekki í sér efnisbreytingar frá gildandi lagaákvæðum um sama efni.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.